

Ed.

62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 13. nóvember 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað tölunnar 4 í 5. lið 15. gr. laga nr. 43 13. nóvember 1903 komi talan 6.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hefir sent nefndinni frv. þetta með beiðni um, að hún flytji það, og vill nefndin verða við þeirri beiðni. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Í samþykkt, sem gerð var í London 2. júní 1934 um samband ýmissa landa til verndar eignarrétti á einkaleyfum, vörumerkjum o. fl., er ákveðið, að tilkynningar-frestur til að fá skrásett vörumerki, sem þegar hefir verið tilkynnt í einu landi, en óskast skrásett líka í öðru landi eða löndum, sem gengið hafa að samþykktinni, skuli vera 6 mánuðir, þannig að síðari tilkynningar innan þessa tíma skuli teljast hafa farið fram um leið og tilkynningin fór fram í fyrsta landinu. Til þess að samræmi verði á meðferð þessara mála hér og í þeim menningarlöndum, sem gerzt hafa aðiljar að téðri samþykkt, virðist rétt að breyta vörumerkjalögnum, nr. 43 13. nóvember 1903, þannig, að frestur sá, sem settur er 4 mánuðir í 5. lið 15. gr. þeirra, verði 6 mánuðir, eins og nú er í téðum löndum.